


Kynnstu Raspberry Pi Pico örtölvunni

1. Tengdu Pico við tölvuna með USB snúrunni.
2. Opnaðu Thonny. Þetta er ritill (editor) sem við notum til að skrifa kóða fyrir örtölvuna á Python forritunarmálinu.
3. Skrifaðu þessar línur nákvæmlega svona, með punktum, svigum og stórum stöfum:

```
Thonny - <untitled> @ 4:13
File Edit View Run Tools Help
<untitled> * x
1 from machine import Pin
2 led = machine.Pin("LED", machine.Pin.OUT)
3
4 led.toggle()
```

4. Ýttu síðan á græna „play“ takkann  til að senda forritið á örtölvuna. Það ætti að kvikna á litlu ljósdíóðunni á henni. Prófaðu síðan að keyra forritið aftur. Til hamingju! Þú forritaðir örtölvu til að gera eitthvað í raunheiminum. Þetta er grunnurinn að öllum tölvustýrðum vélbúnaði, þar á meðal öllum tækjunum hérna í Fab Lab: Að forrita örtölvur og tengja þær við ýmsan búnað og láta þær stýra búnaðinum.

